

3 hefir ekki haft hjer í bænum löglega dvöl vistarárið 1903—1904 og þar til hon-
 2. maí um var veitt húsmenskuleyfi 26. maí 1904 og að sveitfestisdvöl hans í Reykjavík
 hefir þar með rofnað, en að leggja saman dvalarár þurfalingsins fyrir og eftir
 nefnt tímabil til ársins 1909, er hann þáði fyrst fátækrastrýrk hefir við engi lög
 að styðjast, og mótmæli oddvita Engihlíðarhrepps gegn því, að hinn veitti styrkur
 hafi verið sveitarstrýrkur, virðist að líkindum sprottinn af misskilningi, er stafar af
 því að styrkur sá, er þurfalingnum var veittur sem innanbæjarmanni, er ekki
 afturkræfur af framfærslusveit, en með hliðsjón af 55. gr. fátækralaganna geta
 tjeð mótmæli annars á engan hátt tekist til greina.

Þar eð tjeður þurfalingur hefir ekki unnið sjer sveit utan fæðingarsveitar
 sinnar, verður hún að annast framfærslu hans, og krafa borgarstjóra Reykjavík-
 ur um endurgreiðslu á hinum veitta styrk eftir 20. júní 1916 að takast til greina.

Því úrskurðast, að Engihlíðarhreppur sje skyldur að framfæra þurfaling-
 inn Ara Hermann Ólafsson og endurgreiða Reykjavíkurbæ að $\frac{2}{3}$ hlutum þann
 fátækrastrýrk, er þurfalingurinn hefir þegið þar eftir 20. júní 1916.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari
 birtingar fyrir hreppsnefnd Engihlíðarhrepps.

4 *Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um flutning póstaígreiðsl-*
 3. maí *unnar í Odda að Garðsauka í Hvolhreppi.*

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi, dags. 1. þ. m., hef-
 ir stjórnarráðið ákveðið, að póstaígreiðslan í Odda skuli flutt 1. næsta mánaðar
 að Garðsauka í Hvolhreppi.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari birting-
 ar og aðgjörða eftir því sem við á.

5 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Gnúpverja,
 4. jan. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands
 7. janúar 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

Menningarsjóðs Gnúpverja.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Gnúpverja, og er tilgangur hans að efla
 hvers konar verklegar framfarir meðal íbúa Gnúpverjahrepps. Starfsvið sjóðsins
 skal einungis vera Gnúpverjahreppur.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er kr. 40000,00 — fjórutíu þúsund krónur — af fje því, sem Gnúpverjahreppi hefir hlotnast fyrir sölu á fossum og löndum í sambandi við þá. Svo og helmingur af fje því, sem hreppurinn síðar kann að fá fyrir samskonar sölur eða afhendingar.

5
7. jan.

3. gr.

Menningarsjóðurinn skal ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og skal leggja fje hans þar inn með þeim skilmálum, að árlega falli til útborgunar til stjórnar Menningarsjóðsins bæði $2\frac{1}{2}\%$ um árið af innlögum og einnig helmingur þess, sem ársvextirnir eru þar fram yfir, en hinn helmingurinn leggist árlega við höfuðstólinn.

4. gr.

Þeim vöxtum Menningarsjóðsins, sem árlega falla til útborgunar, úthlutar stjórn hans:

1. sem verðlaunum fyrir vel unnar jarðabætur, húsabætur eða aðrar híbýlabætur.
2. sem styrk til slíkra endurbóta á jörðum, húsum eða híbýlum.
3. til hvers konar verklegra framfara og framkvæmda, sem hreppurinn sjálfur hefir með höndum.

5. gr.

Hver sá, sem sækja vill um styrk eða verðlaun af Menningarsjóðnum, skal hafa sótt um það skriflega til stjórnar sjóðsins fyrir 1. febrúar það ár, sem óskað er eftir að fá styrkinn eða verðlaunin útborguð, og skal þar nákvæmlega tiltekið, fyrir hvað verðlauna er óskað eða til hvers nota skuli styrkinn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi 5 menn: Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps, ef hún er skipuð 3 mönnum, en 3 menn úr henni, er hún sjálf kýs til 3 ára, ef hún er skipuð fleirum mönnum, og 2 menn aðrir, kosnir af bændum í Gnúpverjahreppi til 3 ára í senn, jafnhliða því er hreppsnefndarkosning fer fram.

Stjórn sjóðsins kýs sjer formann til 3 ára, og á fundum hennar ræður afi atkvæða í öllum málum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið; skulu reikningar hans bókfærðir, og annaðhvort ár (þegar ártalið er deilanlegt með 2) birtir í B-deild Stjórnartíðindanna eða í Lögbirtingablaðinu. Í reikningunum skulu þeir menn nafngreindir, sem styrks hafa notið eða verðlaun fengið og til hvers þeir hafi verið styrktir eða fyrir hvað verðlaun hafi verið veitt.

5 Reikningana skal endurskoða af 2 mönnum, er til þess sju kosnir á sama 7. jan. tíma og sama hátt og þeir tveir menn, sem kjörnir eru í stjórn sjóðsins.

8. gr.

Eftir að liðin eru 50 ár frá stofnun sjóðsins má endurskoða og breyta 4. og 5. gr. í skipulagsskrá þessari eftir því, sem kröfur tímans kunna að heimta.

9. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 31. desember 1916. Legst fje hans í Söfnunar-sjóðinn jafnóðum og það losnar: Við afborganagreiðslur skulda, greiðslur samkvæmt kaupsamningi, og greiðslur á sparisjóðsinnstæðu samkvæmt uppsögn. Með vexti af því fje sjóðsins, sem á hverjum tíma er óinnlagt í Söfnunarsjóðinn, fer á sama hátt og vexti þar, sbr. 3. gr.

Þangað til næst fer fram hreppsnefndarkosning skulu menn kosnir í stjórn sjóðsins og til endurskoðunar reikninga á almennum sveitarfundi.

10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og verði henni breytt, sbr. 8. gr., skal fá að nýju konungsstaðfestingu á henni.

Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps

15. desember 1916.

Ól. V. Briem, Gestur Einarsson, Jóhann Kolbeinsson.

6 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Fræðslusjóð Gnúpverja 7. jan. útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 7. janúar 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

Fræðslusjóðs Gnúpverja.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður Gnúpverja og er tilgangur hans að efla hvers konar fræðslu meðal íbúa Gnúpverjahrepps. Starfsvið sjóðsins skal einungis vera Gnúpverjahreppur.